




Stöðuúttekt á þjónustu við fatlað fólk  
við yfirfærslu á málaflokknum frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2011

# Lærdómar sem sveitarfélögin geta dregið af kortlagningunni

Tryggvi Þórhallsson  
Sambandi íslenskra sveitarfélaga



# RANNSÓKNIN



- Yfirgripsmikil og vönduð
- Allt sviðið er undir í spurningunum
  - fá atriði sem láðst hefur að spyrja um
  - viðtöl draga fram væntingar notenda
- Erfiður tímamunktur að spyrja starfsfólk en mikil svörun gefur áreiðanleika
- Í heild: mikilvægt gagn fyrir sveitarfélögin þegar þau svara þeirri lykilspurningu hvernig þau geta veitt íbúum sínum þann stuðning sem þeir þurfa



# RAUÐU ÞRÆÐIRNIR



- Hvar eru hindranir og aðstöðumunur?
- Hindranir eru félagslegt fyrirbæri
  - vanahugsun og hefðbundin framkvæmd
  - forræðishyggja og öryggið í hinu þekktu
  - óbein mismunur og nálgun Samnings Sp
  - fá „kerfissjónarmiðin“ ósjálfrátt forgang?
- Hvaða aðstöðumunur er eðlilegt og sanngjarnt að jafna?
- Ekki má gleyma: Fjölbreytni er af hinu góða
  - varast ber að steypa alla í sama mótið



# UM YFIRFÆRSLUNA



- Hvað segja svörin okkur um undirbúninginn?
  - Of skammur tími
  - Ónógt upplýsingaflæði
  - Skortur á eftirfylgni við að eyða gráum svæðum
  - Samþætting er ekki markmið í sjálfu sér heldur nálgun í átt að bættri þjónustu
- Af þessu má draga lærdóm við næstu yfirfærslu
- Önnur atriði jákvæð
  - Yfirfærslan hefur varið framlög til málaflokksins
  - Aðferðafræði samningsins hefur gefið góða raun
  - Gengið hefur vel að brjóta niður „múra“



# BÚSETUMÁLIN



- Áleitin spurning út frá rannsókninni (einkum viðtölunum) hvort herbergjasambýli séu forsvaranlegur búsetukostur
- Niðurstaðan skiptir máli þegar sveitarfélög þjónustusvæði marka stefnu og forgangsraða við uppbyggingu nýrra búsetukosta
- Aðgengismál fá almennt góða útkomu
  - Ekki vísbending um þörf á almennu átaki vegna aðgengismála á heimilum en hvert og eitt tilvik þarf skoðun
  - Þróunin er í rétta átt sbr. algild hönnun



# SKÓLARNIR



- Skil milli skólastiga koma fram með nokkuð áberandi hætti í rannsókninni
- Þessar niðurstöður hafa sérstaka þýðingu fyrir sveitarfélögin:
  - Viðvarandi úrlausnarefni að tryggja samfellu og flæði milli skólastiga
  - Margt er þar óunnið en ýmis verkefni í gangi t.d. tilfærsluáætlanir o.fl.
  - Leikskólinn kemur almennt vel út en síðan er líka munur milli svæða – árétting á því hvað skólamenning og -bragur skiptir miklu máli?



# ATVINNA OG NÁM



- Yfirgnæfandi ánægja meðal þeirra sem eru í vinnu og jákvæð staða varðandi þennan hóp
- Rannsóknin styður eindregið að valdeflingu verði náð í gegnum atvinnumál
- Þess vegna er miður að hægt skuli hafa gengið að móta tillögur um framtíðina á þessu sviði
- Fjórðungur fullorðinna þjónustunotenda var hvorki í vinnu, skóla eða dagþjónustu
- Athyglisvert að sjá að stærstur hluti þeirra sem stundar nám og vinnu fær aðstoð við að komast milli staða



# AÐ ENDINGU ...



- Yfirfærslan er leiðangur og sameiginleg áskorun um breytta hugsun og nýja nálgun
- Afar áriðandi að allir leiðangursmenn séu öruggir í hverju nýju skrefi sem þeir stíga jafnframt því að sækja traust í venjur og hefðir og annað það sem er að baki
- Fyrirliggjandi rannsókn um aðstæður fatlaðs fólks er þar bæði kort og vegvísir

Takk fyrir.

